

Alþingi
Erindi nr. P 143/1157
komudagur 26.2.2014



Alþingi, umhverfis- og samgöngunefnd
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2014
Tilvísun: 2014020050
BÓI/BH

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku.

Vegagerðin gerir engar athugasemdir við framkomið þingskjal þar sem tillagan snýr fyrst og fremst að öryggi ferðamanna í óbyggðum og utan ferðamannaleiða.

Vert er þó að undirstrika að Vegagerðin leggur mikla áherslu á umferðaröryggi og þá ekki síst öryggi ferðamanna á vegum landsins og með það að markmiði er m.a. rekin öflug og viðamikil upplýsingaþjónusta um veður og færð á vegum.

Mikið og náð samstarf og samvinna er við ferðaþjónustuaðila, lögreglu og björgunarsveitir og með stóráuknum ferðamannastraumi er nú lögð aukin áhersla á lokun afmarkaðra leiða þegar aðstæður eða veðurskilyrði eru þess eðlis að vegfarendum geti stafað hættu af.

Virðingarfyllt,

Hreinn Haraldsson, forstjóri.